

Samráðsfundur

Dags: 20. mars 2009, Við pollinn á Hótel Ísafirði.

Aðili: Orkubú Vestfjarða

Gestir: Kristján Halldórsson, Sölvi Sólbergsson, Halldór V. Magnússon, Sigurjón Kr. Sigurjónsson, Ragnar Emilsson.

Kontakt: Kristján (kh@ov.is)

Frá verkefnisstjórn: Svanfríður, Guðni, Þóra Ellen, Anna. Elín, Friðrik, Þorsteinn, Tómas.

1. Kristján kynnti Orkubú vestfjarða sem var stofnað 1977 þegar eignum ríkisins og sveitarfélaga á sviði orkuframleiðslu var rennt saman í eitt félag. M.a. kom fram að heildarorkuþörf Vestfjarða er um 35 MW Kristján afhenti fulltrúum verkefnisstjórnar eintak af ársskýrslu orkubúsins frá 2007.
2. Meginefni fundarins var kynning Sölvu á fyrirhugaðri Glámu-virkjun (sjá glæru-sýningu sem fylgir þessari fundargerð). Afl Glámu-virkjunar er áætlað að verði um 67 MW. Meiningin er að tengja saman , að mestu með jarðgöngum, all stórt vatnasvæði og vötn á Glámu-heiði og leiða niður í Hestfjörð þar sem virkjunin verður staðsett inni í fjalli innan við fjarðarbotninn. Göngin munu verða um 4 m í þvermál og um 31 km að lengd. Við veituna mun vatnsmagn í 8 ám á vatnasvæðinu minnka um 25-70%.
3. Verkefnastjórn lagði fram nokkrar spurningar, m.a. munu gestirnir afla upplýsinga um hvernig gengið verður frá uppgreftri sem leiða mun af gangnagerðinni.
4. Að öðru leyti vísast til glæru-sýningarinnar.